

Yfirlit yfir þroskamat 0-18 mánaða

Almennt má framkvæma þroskamat með þremur mismunandi aðferðum:

- **Upplýsingar foreldra.** Foreldrar eru spurðir um einstök atriði þroskamatsins. Mikilvægt er að ljóst sé að foreldrið skilji hvað verið er að spyrja um. Ef minnsti vafi leikur á þessu ætti að biðja foreldrið að lýsa hvernig barnið gerir það atriði sem spurt er um. Ef foreldrið getur ekki gefið fullnægjandi upplýsingar um tiltekin atriði þroskamatsins þarf að gera beina eða óbeina athugun á atriðinu. Sama gildir ef upplýsingar foreldris þykja ekki nægilega trúverðugar eða stangast á við klínískt mat læknis/hjúkrunarfræðings á aðstæðum og almennri stöðu barnsins.
- **Óbein athugun.** Fylgst er með barninu, t.d. á meðan foreldri sinnir því, eða þegar barnið leikur sér frjálst.
- **Bein athugun.** Atriðið er skoðað með beinum hætti í samskiptum við barnið samkvæmt sérstökum leiðbeiningum sem fylgja hverju atriði.

Skráðar eru upplýsingar um þroska barns í Sögu. Skráð er hvort um athugun eða upplýsingar frá foreldrum er að ræða. Við sum atriði þroskamatsins þarf að nota gögn, t.d. algeng leikföng. Best er að koma sér upp viðeigandi leikfangasafni fyrir þessar athuganir og hafa það handbært þar sem skoðun fer fram. Æskilegir hlutir eru t.d. hringla, bolti, kubbar, harðspjaldabók, bollastell, bangsi/dúkka, litir.

Aldur	Grófhreyfingar	Fínhreyfingar	Samskipti og leikur	Vitsmuna- og málproski
2-4 vikna	Samhverfar hreyfingar hand- og fótleggja		Myndar augnsamband	Myndar hljóð Bregst við hljóði
6 vikna	Lyftir höfði liggjandi á grúfu	Opnar lófa	Brosir	Fylgir hlut eftir með augunum Myndar hljóð með mismunandi blæbrigðum
3 mánaða	Heldur höfði í nokkrar sekúndur	Skoðar hendur	Þekkir móður Sýnir leikfangi áhuga	Hjalar
6 mánaða	Veltir sér af baki yfir á maga Hjálpar til við að setjast upp	Flytur hluti milli handa	Vill láta taka sig upp	Bablar Litast um eftir leikfangi sem það missir
10 mánaða	Situr vel óstutt Togar sig upp í standandi stöðu	Tekur um skaft á skeið Þumalfingursgrip	Leikur týndur fundinn Vinkar Klappar	Fjölbreytt babl Skilur einstaka orð Slær saman tveim kubbum
12 mánaða	Gengur með stuðningi	Tangargrip Flettir harðspjaldabók	Leikur sér með bolta Veitir mynd í bók athygli	Bregst við eigin nafni Notar 1-3 orð Tjáir eigin langanir
18 mánaða	Gengur án stuðnings	Borðar með skeið eða gaffli Krotar	Bendir til að sýna áhuga Bendir á líkamshluta Sækir hlut sem beðið er um	Notar 6-10 orð Byggir turn úr tveim kubbum Skoðar mynd í bók